

Skógarvörðurinn á Norðurlandi,

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I D 1 9 4 0 .

Einar G. E. Sæmundsen.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1940.

S k ó g a r h ö g g:

Í Vaglaskógi var höggið á árinu:

Til eldiviðar	818	hestburðir
Til kolagerðar	410	"
Staurar 1007 stk.	20	"
Efniviður 1754 fet	30	"
<u>Alls</u>	<u>1278</u>	<u>hestburðir</u>

Grisjað var allt svæðið frá Klettlæk suður að Beitarhúsalæk. Farið upp að götum (Beitarhúsa) að ofan en niður á brúnir að neðan. Svæði þetta var yfirleitt vaxið lélegum skógi. Þar all viða á fúnum spildum og skemdu. Ungviði er þó á stórum svæðum og er jafnvel búið að ná eldri skóginum að heð á köflum og er mjög þétt. Þessi ungskógor hefir vaxið upp síðan beitarhúsine voru lögð af. Var grisjað þarna mjög varlega og má búast við mjög góðum vaxtar árangri, því yfirleitt er þetta ungsviði mjög beinvaxið og kröftugt.

Einnig var grisjuð spilda milli Brandhúsagrófar og Bjarkarlundsvagar ofanverðs. Var það mest allt lélegur skógar, fúinn og feyskinn.

Í norðurskóginum var grisjuð brekkan ofan neðri vegar frá Hlíði og allt inn undir Kumblaflöt. Einnig var tekið nokkuð úr jöðrunum neðan vegarins og í Vothamramó var grisjuð allstórt spilda. Þa var og grisj að við Stórarjóður. Var brekkan ofan við rjóðrið sérstaklega illa farin bæði brotið af enjó og fallið úr eili.

Í norðurskóginum nær því öllum horfir nú til stórra vandræða, þar sem nýgræðingur á svo erfitt uppráttar að hann varla sést og gömlu tré farin að fella af á stórum svæðum. Orsök þessa ástands er fyrst og fremst of mikill grasvöxtur. (En hann stafar ef til vill af óheppilegri grisjunaraðferð fyrir á árum). Síðastliðið haust var gerð tilraun í þá átt að flýta fvrir myndun nýgræðings á slíkum svæðum. Var grassvörðuri inn rifinn upp með plöntuhaka svo að fræ gæti fest þar rætur. Fræ var tölувert á skóginum og honum ætlað að sá sjálfbum. Ef til vill væri heppilegra að rista í grassvörðum að vorinu og sá bá um leið, en reynslan mun skera úr því.

Tilraunin var gerð á tweim stöðum í brekkunni innan hliðsins á neðri braut og í Kúalág upp af efribraut. Þar voru og felldir viðihólmur sem mjög stóðu öllum birkinýgræðing fvrir brifum. Var viðirinn fluttur út á melinn innan efribrautarhliðs.

Í Sigriðarstaðaskógi voru höggvin 19 tonn eldiviðar.

Kolagerð:

41 tonn viðar var notað til kolagerðar og sviðnir úr því 31 ofn, sem úr fengust 5580 kg. viðarkol.

Girðingar:

Vaglagirðingin var lagfærð á tveim stöðum á suðurálmu. Einnig var riðið á milli nets og gaddavírs sunnan frá þeim og ofan í á. Öll girðingin um Sigriðarstaðaskógr var tekin upp og endurbætt, var einnig bætt við álmurnar upp til fjalls, þeði að sunnan og norðan. Þá var og lagfrærð girðingin um Grundarreitinn.

Vegagerð:

Lagður var vegur suður yfir Klettlæk um Bensarjóður og við hann tengdar tvær brautir ofan af Beitarhúsagötum sem gerðar voru bílfærar frá Vöglum. Liggur önnur brautin niður láginna næstu sunnan Klettlækjar en hin ofan með Beitarhúsatúni að norðan og þar niður eftir lág og um Bensarjóður. Hvorug þessara brauta er þó fær á bíl nema ofan í móti.

Lagfærð var brautin frá Vöglum ofan að Bjarkarlundi. Vegur var ruddur úr Hróarsstaðanesi (Klaufinni) út í Stórarjóður. Kerrufer braut var gerð um Vothamramó.

Borin var möl ofan í efribraut allt utan frá hliði og inn fyrir Kúalág, og einnig utan hliðs. Þá var og borið ofan í hjá Símannabústaðnum og í alla álmuna upp að Vöglum, ásamt suttum spottum um allan skóg þar sem þörfin var mest.

Græðireitur:

Vorið 1940 var afhent úr reitnum:

birki	2.317	stk.
reynir	1.150	-
ribs	4	-
lerki	1	-
viðir	2	-
Alls	<u>3.474</u>	stk.

Sáð var nál. 2 kg. birkifré, en það spiraði mjög illa, aðeins ein og ein planta. Sl. haust var sáð reyniberjum í nokkur beð en vafasamt tel ég að nokkuð komi upp af beim, því mísagangur var svo mikill að þótt frá öllu væri gengið að kvöldi, beðin þakin o. s. frv. höfðu mýsnar gert það mikinn usla að morgni að ekki var því likt að sáð hefði verið. Tel ég vafalaust að likt muni hafa farið fyrir reyniberjunum í fyrrahaust, í beim beðum sem engin planta sást í í vor.

Dreifplantað var:

birki 2/0	9.770	stk.
reynir 2/	1.292	-
fura 3/0	1.600	-
Alls	<u>12.662</u>	stk.

B y g g i n g a r:

Reist var einlyft hús milli fjóss og hlöðu annarsvegar en gamla íbúðarhússins hinsvegar. Er bað úr steinsteypu með tvöföldum reiðing í útveggjum sem einangrun. Stærð bess er 5 X 7 m. Er kjallari undir með steinsteptytu skilrúmi en skilrúm á hæðinni eru úr timbri, loft er all rúmgott yfir. Á hæðinni eru forstofa með stiga upp á efrihæð, eldhús, salerni og snyrtiklefi og stigi ofan í kjallara. Bak ið er járnklætt einnig var bakið á gamla íbúðarhúsinu járnklætt. Skolpleiðsla var lögð frá húsinu suður í gróf, voru notuð steinsteptyt rör hið fyrsta en síðan opinn skurður.